<u>3. hópur</u> – 2. apríl '82. <u>Stefnuskráin.</u>

1) Af hverju eru "bara" félagsmál í brennidepli? Hvað með hin málin?

– Eru ekki öll mál borgarinnar félagsmál. Þau mál tekin upp í stefnuskrá sem brenna á honum. Stefnuskráin ekki tæmandi og því þyrfti að fylgja flestum (borgar-) málaflokkum betur eftir, ekki síst með tilliti til kvenna og fjölskyldna. Okkur ber að játa en ekki afneita vandamálunum.

2) Hvaða tillögur höfum við um fyrirbyggjandi og aðgerðir v/ ofnotkunar vímuefna etc.

3) Í stefnuskránni er talað um neyðarathvarf fyrir unglinga og einnig nefnt mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða. Rætt var að nauðsynlegast væri að foreldrarnir gætu annað uppeldishlutverkum og einnig að skólarnir axli uppeldisábyrgðina. Því mikilvægt að skólarnir opnist meira og yrðu að félagslegum vettvangi fyrir börn og unglinga utan hins s.k. skólatíma, svo þau fengju aðra og "heilbrigðari" afstöðu til skólans en nú er. Virkja þarf "skemmtanaþörf" unglinganna og um leið gera þau ábyrg í ~~[illegible]~~ þeim félagsmálum sem að þeim snýr.

Er hingað var komið var almennum umræðum frestað.... og virðist sá frestur löngu útrunninn! Flestar búnar að fá upp fyrir haus af alvarlegum umræðum — a.m.k. í bili.

Hópur 3 hafði þó beðið fyrir "afganginum" af spurningunum

4) Hver er líkleg lausn við húsnæðisvandanum?

Viðurkennt að húsnæðismálin voru lélega framsett í stefnuskránni og hefðu þau týnst í skugga skipulagsmálanna. Því þyrfti að gera þeim rækilega skil í næsta/næstu blöðum. (Fram kom að grein frá Kv.framboðinu — svar þeirra við spurningum Leigjendasamtakanna — komi í blaði samtakanna fyrir kosningar).

5) Peningarnir — hvaðan eiga þeir að koma? Til að leysa húsnæðisvandann (?).

Ræddar ýmsar fjármögnunarleiðir í sambandi við fjármögnun íbúðarhúsnæðis en engar "patent" niðurstöður framreiddar enda að sjá fyrir endann á því í snarkasti varla álíka auðsótt og að leysa hinn margtuggða og vinsæla verðbólguvanda.

6) Ætli – auka tekjur borgarinnar?

Vitað er að nýta má fjármuni borgarinnar mun betur en nú er – t.d. mætti veita sömu og jafnvel meiri þjónustu fyrir (jafnvel) minna fé. Einnig mætti berjast fyrir því að auka útsvarshlutfallið í opinberum gjöldum almennt (skatti + útsvari) en þar þarf "efra" vald en borgarvaldið eitt til! Ríkið gæti þó nú þegar komið inn sem útjöfnunaraðili (á landsbasis) á ýmsum sviðum, svo sem við þjónustu sem hvílir á borginni utan hennar "landamæra" – Innheimtum Seltjarnarnesafætuna í Reykjavík!

7) Ef yfirvinnu lyki eða minnkaði þá er talið um 12000 atvinnutilfelli "gæfust". Við höfum jú á stefnuskrá okkar að berjast fyrir því að vinnuokinu verði létt af fólki, það er að hægt verði að lifa á 40 tíma (eða færri) vinnuviku. Vitað er að hér er töluvert um dulið atvinnuleysi – ekki síst meðal heimavinnandi húsmæðra sem gjarnan vildu vinna utan heimilis, t.d. hlutastarf.

8) Afstaða Kv.framboðs til atvinnurekstrar borgarinnar í samkeppni við einkarekstur (t.d. BÚR)

Meirihluti hópsins var á því að borgin

ekki að stuðla að og koma sér upp eigin atvinnurekstri og þá ekki síst í framleiðslugreinum, til að skapa atvinnu og fyrirbyggja/minnka atvinnuleysi yfirleitt.

9) Opnunartími verslana í Reykjavík?

Sem frjálsastur! Þar sem hann gagnar ekki síst útivinnandi húsmæðrum.